

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn laugardaginn 27. nóvember 2021 kl. 17:00, á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 til 2026, fyrri umræða. Sérþökun vegna lagningar ljósleiðara og eignarhalds á honum.
2. Valkostagreining Strandabyggðar varðandi sameiningar sveitarfélaga. Sent hreppsnefnd ...
3. Tölvupóstur til HMS sendur 26.okt.. framhald vinnu, staðan nú.
4. Erindi frá skipulagsfulltrúa varðandi gerð göngustígs í landi Stóru-Ávíkur niður í Kistuvog.
5. Önnur mál.

1.Fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 til 2026, fyrri umræða. Hreppsnefnd ræddi á fundi sínum í október nokkur atriði sem þyrftu að fara inn á fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og ákvað að verja til þeirra verkefna eftirfarandi; viðgerð og endurnýjun á vatnstanki í Norðurfirði 1 og hálf til 2 milljónir. Áframhald vinnu við breytingar á bílskúr við skólann 5 milljónir, endurnýja og laga rafmagn á bryggju á Norðurfirði ein milljón, viðhald á báðum löndunarkrönum ein og hálf milljón, skipta um hreinlætistöki og endurnýja baðherbergi í íbúð 1 í Kaupfélagshúsi 1 og hálf milljón, skipta um gólfefni og fleira í verslun ein og hálf milljón, endurnýju rafmagnstöflu í Kaupfélagshúsi efni og vinna 500.000,-.

Ákveðið var að útsvarsprósentan verður óbreytt eða 14,52%

Í tengslum við fjárhagsáætlun fjallar hreppsnefnd jafnframt um undirbúning og samþykkt sveitarstjórnar vegna stofnunar B-hluta fyrirtækis í tengslum við ljósleiðara í Árneshreppi – **Ljósleiðari Árneshrepps.**

Sveitarstjórn Árneshrepps telur aðgang íbúa sveitarfélagsins að háhraða nettengingu vera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Vegna þessa samþykkir sveitarstjórn, með vísan til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (2012/21/ESB), sem tekin var upp í EES-samninginn og aðlöguð að honum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012, eftirfarandi vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Fyrirtækið sem sveitarstjórn felur að annast umsjón ljósleiðara í Árneshreppi mun heita **Ljósleiðari Árneshrepps. Ljósleiðari Árneshrepps** verður rekið sem deild innan sveitarfélagsins og því alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal hafa yfirumsjón með **Ljósleiðara**

Árneshrepps.

Bókhaldi Ljósleiðara Árneshrepps skal halda aðskildu frá bókhaldi sveitarfélagsins með skýrum hætti. Sveitarstjórn skal fylgjast með rekstri, bókhaldi og fjárhagsstöðu verkefnisins. Í samræmi við góðar reikningsskilavenjur skal fara fram árleg endurskoðun á bókhaldi verkefnisins.

Ljósleiðarakerfið verður alfarið í eigu sveitarfélagsins.

257.

Inntak hinnar opinberu þjónustu sem Ljósleiðari Árneshrepps er ætlað að framkvæma og veita, er að tengja heimili, fyrirtæki og sumarhús í sveitarfélaginu, sem svo kjósa, við ljósleiðaranet (FTH, e. Fiber To The Home) og mun gera öllum íbúum sveitarfélagsins mögulegt að hafa aðgang að háhraða ljósleiðaratengingu a.m.k. næstu 25 árin. Það svæði sem verkefnið tekur til skal vera afmarkað við sveitarfélagið Árneshrepp.

Engin sérstök réttindi eða einkaréttindi verða veitt til verkefnisins. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi Ljósleiðara Árneshrepps verður oddviti Árneshrepps hverju sinni, fyrst um sinn Eva Sigurbjörnsdóttir kt. 240450-2089.

Þar með lauk fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 til 2026 og einnig umræðu varðandi stofnun sér fyrirtækis vegna ljósleiðaravæðingar sveitarfélagsins. Hvoru tveggja var samþykkt samhljóða og vísað til seinni umræðu.

2.Valkostagreining Strandabyggðar varðandi sameiningar sveitarfélaga. Sent hreppsnefnd eftir íbúafund í Strandabyggð. Hreppsnefnd telur ýmislegt standa í vegi fyrir sameiningum sveitarfélaga hvort sem stefnt er á litlar sameiningar tveggja til þriggja sveitarfélaga eða stærri sameiningar svo sem flestra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Að lokinni umræðu þá ákvað hreppsnefnd að tillaga um óformlegar sameiningarviðræður sem sent var frá sveitarfélaginu Tálknafirði dags.26.11. til flest allra sveitarfélaga á Vestfjörðum sé vænlegri kostur og leysi fyrir tillögu af hólmi. Stungið er upp á í bréfi Ólafs P. Ólafssonar sveitarstjóra að slíkar viðræður geti hafist í janúar 2022.

3.Tölvupóstur til HMS sendur 26.okt.. framhald vinnu, staðan nú. Mikil vinna hefur átt sér stað varðandi athugun á ástandi brunavarna í Árneshreppi. Hreppsnefnd þakkar Delphine Briois hennar mikla innlegg í þessi mál. Einnig liggur fyrir skriflegt samkomulag á milli Isavia og Árneshrepps varðandi heimild til notkunar á slökkvibílnum á Gjögurflugvelli, við eldsvoða. Ennfremur hefur oddviti haft samband við nýjan slökkviliðsstjóra svæðisins og má því segja að það mál sé komið í ferli. Ákveðið var að finna út hvernig hægt væri að fá þjónustu varðandi slökkvitæki. Einnig var ákveðið að senda áður nefndu úttekt til HMS til upplýsingar um stöðu mála.

4.Erindi frá skipulagsfulltrúa varðandi gerð göngustígs í landi Stóru-Ávíkur niður í Kistuvog. Skipulagsfulltrúi sendi erindið til hreppsnefndar og hreppsnefnd fagnar erindinu enda nauðsynlegt að huga að aðgerðum til að bregðast við umhverfisspjöllum sem kunna að verða vegna ágangs fólks á viðkvæmum svæðum. Ljóst er að lagning sérmerks stígs fyrir gangandi umferð um svæðið mun koma í veg fyrir rask og skemmdir á gróðri sem annars myndu eiga sér stað. Hreppsnefnd samþykkir langningu göngustígs á umræddu svæði og felur skipulagsfulltrúa að fara

áfram með málið.

5.Önnur mál:

- a) Uppsögn HJ á íbúð 2 frá 19.október 2021. Oddvita er falið að skoða málið.
- b) Bréf frá Stígamótum. Óskað er eftir styrk frá Stígamótum og ákvað hreppsnefnd að styrkja starfsemina um kr. 60.000,-
- c) Reikningur frá Orkubúi Vestfjarða vegna lagningar þriggjastraums inn í Árneshrepp. Hreppsnefnd þykir þessar upphæðir nokkuð háar og mun afla frekari upplýsinga.
- d) Ákvörðun Vegagerðarinnar um snjómokstur tvisvar í viku er mikið ánægjuefni fyrir íbúa Árneshrepps.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:15.